



MENNINGARRÁÐ EYÞINGS

Ágæti lesandi.

Samkvæmt Orðabók Menningarsjóðs er menning „þroski mannlegra eiginleika mannsins, það sem greinir hann frá dýrum, þjálfun hugans, andlegt líf.“ Orðabókin fer að mínum dómi nálægt sannleikanum, en þannig hefur sagan sýnt okkur að listir og menning/skapandi greinar er það sem nærir okkur andlega og verður ekki aðskilið tilveru okkar. Ekki má heldur gleyma þeim veraldlega auði sem þær skila til samfélagsins. Í mörgum menningarsamfélögum teljast skapandi greinar sjálfstæður atvinnuvegur og sýna rannsóknir jafnan og stöðugan vöxt þeirra.

Starf menningarráðanna hefur skilað góðum árangri um land allt og eft þennan vöxt. Með starfsemi þeirra hefur stöðkerfi menningarstarfs styrkst og færst nær þeim sem starfa að menningarmálum á landsbyggðinni. Með menningarsamningum og menningarráðum hefur tekist að draga úr miðstýringu og efla atvinnuuppbyggingu á sviði menningar og lista.

Menningarráð Eyþings hvetur alla til að kynna sér vel úthlutunarreglur ársins og leita sér frekari upplýsinga hjá menningarfulltrúanum ef þarf, m.a. vegna þess að þar gæti hugmynd fengi byr undir báða vængi og orðið menningarviðburður, okkur öllum til gagns og gleði.

Þórgunnur Reykjalín, formaður

Menningarráð Eyþings 2010-2012

Á aðalfundi Eyþings í október síðastliðnum var kjörið í menningarráð til tveggja ára.

Í Menningarráði Eyþings sitja; Þórgunnur Reykjalín formaður, Bjarni Valdimarsson varaformaður, Bryndís Símonardóttir ritari, Arnór Benónísson, Gunnólfur Lárusson, Ingibjörg Sigurðardóttir og Sigurður Guðmundsson.

Nýr menningarsamningur

Á síðustu mánuðum hefur verið unnið að gerðs nýs menningarsamnings við ríkið. Er sú vinna á lokastigi og verður samningurinn undirritaður á næstu vikum. Menningarráð Eyþings fagnar nýjum samningi sem er gerður til þriggja ára.

Menningarráð Eyþings auglýsir til umsóknar verkefnastyrki til menningarstarfs á Norðausturlandi

Menningarráð Eyþings auglýsir eftir umsóknum um styrki á grundvelli samnings mennta- og menningarmálaráðuneytis og iðnaðarráðuneytis við Eyþing . Tilgangur styrkjanna er að efla menningarstarfsemi og menningartengda ferðaþjónustu á Norðausturlandi.

Áherslur ársins 2011

Menningarráðið leggur jafnan áherslu á að þau verkefni sem hljóta styrki efla á einhvern hátt samstarf og/eða samvinnu í menningarmálum á Norðurlandi eystra eða dragi fram menningarleg sérkenni svæðisins. Auk þessa hefur ráðið ákveðið að árið 2011 hafi þau verkefni forgang sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna atriða:

- Verkefni sem hvetja til samstarfs einstaklinga, hópa, byggðalaga eða listgreina. Sérstaklega er horft til verkefna sem eru samstarf þriggja eða fleiri aðila og tengja íbúa á Norðurlandi eystra
- Verkefni sem stuðla að samvinnu atvinnumanna í listum, listnema og leikmanna
- Verkefni sem efla þekkingu og fræðslu á sviði menningar og lista
- Verkefni sem efla atvinnustarfsemi á sviði menningar, lista og menningartengdrar ferðaþjónustu

Umsóknarfrestur er til og með 17. mars. Úthlutun fer fram í apríl. Fyrirvari er gerður um undirritun nýs menningarsamnings við ríkið fyrir þann tíma. Styrkþegar verða að hafa skilað inn greinargerð vegna fyrri verkefna til þess að geta sótt um vegna ársins 2011. Úthlutað er einu sinni á árinu 2011.

Verkefnum sem hljóta styrki þarf að vera lokið fyrir árslok 2011.

Umsóknum skal skilað til Menningarráðs Eyþings á þar til gerðum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu Eyþings www.eything.is eða hjá menningarfulltrúa Eyþings, Strandgötu 29, 3. hæð. Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér úthlutunarreglur menningarráðs á heimasíðu Eyþings www.eything.is

Allar nánari upplýsingar veitir Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir menningarfulltrúi í síma 464 9935 og 862 2277 eða á netfangið menning@eything.is

Menningarráð Eyþings auglýsir viðveru menningarfulltrúa í sveitarfélögum í Eyþingi vegna úthlutunar á menningarstyrkjum 2011. Viðtalstímar menningarfulltrúans verða sem hér segir:

Akureyri	23. og 24. febrúar kl. 13-16	Skrifstofu menningarfulltrúa, Strandgötu 29, 3. hæð
Siglufjörður	25. febrúar kl. 14-15.30	Bæjarskrifstofu Siglufjarðar
Húsavík	2. mars kl. 13-15	Menningarmiðstöð Þingeyinga
Kópasker	3. mars kl. 10.30-12	Skrifstofu Norðurlágs
Raufarhöfn	3. mars kl. 14-15.30	Skrifstofu Norðurlágs
Langanesbyggð	4. mars kl. 9-11	Skrifstofu Langanesbyggðar, Þórshöfn
Dalvík	8. mars kl. 10.30-12	Ráðhúsinu Dalvík
Ólafsfjörður	8. mars kl. 13-14.30	Bæjarskrifstofu Ólafsfjarðar
Laugum	10. mars kl. 10-11.30	Skrifstofu Þingeyjarsveitar
Mývatnssveit	10. mars kl. 13-14	Skrifstofu Skútustaðahrepps
Grenivík	15. mars kl. 13-14	Skrifstofu Grýtubakkahrepps
Akureyri	14. og 16. mars kl. 13-16	Skrifstofu menningarfulltrúa, Strandgötu 29, 3. hæð
Grímsey	auglýst síðar	

Viðtalstímar á öðrum tímum eftir samkomulagi.